



Fundargerð

395. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 21. júlí 2016 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson (VP) oddviti, Karl Kristjánsson (KK), Ágúst Már Gröndal (ÁMG) og Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG). Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) var boðuð sem varafulltrúi fyrir Söndru Rún Björnsdóttur (SRB) en komst ekki vegna anna.

Formaður setti fundinn og óskaði eftir eftir öðrum málum á dagskrá. Tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau undir liðnum önnur mál.

Fundargerð er rituð í tölvu og er tvær blaðsíður.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu

1. 1607011 – Ársreikningur Reykhólahrepps 2015, fyrri umræða.

Lagður fram ársreikningur Reykhólahrepps fyrir árið 2015.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 480,2 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A- og B-hluta, en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 441,8 millj. kr. Rekstrartekjur A-hluta námu 337,9 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 294 millj. kr.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt rekstrarreikningi A- og B-hluta var jákvæð um 33,5 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 12,8 millj. kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 14,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 5,5 millj. kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 387,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi en eigið fé A-hluta nam 328,7 millj. kr.

Ársreikningi vísað til síðari umræðu, samþykkt samhljóða.

2. 1607014 - Námsleyfi veturinn 2016-2017.

Erindi frá Boga Kristinssyni skipulags- og byggingafulltrúa dagsett 30. júní 2016.

Bogi Kristinsson hefur óskað eftir 8 mánaða launuðu námsleyfi, vegna áframhaldandi náms veturinn 2016-2017. Byggðaráð Dalabyggða hefur samþykkt erindið fyrir sitt leyti.

Reykhólahreppur samþykkir að taka hlutfallslega þátt við námsleyfið. Samþykkt samhljóða.

3. 1502008 – Verndar- og stjórnunaráætlun fyrir friðlandið í Flatey.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun 2016-2025 og auglýsing Umhverfisstofnunar.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið í Flatey. Samþykkt samhljóða.

4. 1509008 – Verndarsvæði í byggð.

Auglýsing Minjastofnunar um styrki til sérstakrar úthlutunar úr húsafriðunarsjóði til að undirbúa tillögur um verndarsvæði í byggð.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps hefur fullan áhuga á að sækja um styrk til þess að undirbúa tillögur um verndarsvæði í byggð vegna þorpsins í Flatey, en þorpsmyndin í Flatey fellur vel undir verkefnið. Leitað verður samstarfs við Framfarafélag Flateyjar. Umsóknarfrestur er þó frekar knappur og fellur á sumarleyfistíma flestra stofnana, sem er mjög óheppilegt.

5. 1606009 – Grænagarðsbrunnur, staða.

Erindi og greinargerð frá Flateyjarveitum, dagsett 18. maí 2016, frestað á síðasta fundi.

Sveitastjórn hitti Heimi Sigurðsson og Gunnar Sveinsson frá Flateyjarveitum á símafundi (Skype) fimmtudaginn 21. júlí 2016, þar sem þeir fóru yfir erindið með sveitarstjórn.

Ljóst er á erindinu að ekki sameiginlegur skilningur á rekstri og nýtingu á Grænagarðsbrunni. Sveitarstjórn telur að mögulegt sé að 6. grein samnings um rekstur brunnsins sé ekki nógu skýr. Vilji er fyrir því að koma að fundi með notendum brunnsins og freista þess að komast að sameiginlegri niðurstöðu um notkun, rekstur og viðhald hans.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin.

6. Fundargerð dreifbýlisnefndar 27. júní 2016.

ÁBG fór yfir fundargerðina.

Mál 2. Seinni umræða um erindisbréf nefndarinnar, lagfæra þar orðalag í 10. gr. og tala um kostnaðaráætlun fyrir fjárlagagerð næsta árs.

Samþykkt að taka málefni í fundagerðinni til umræðu/athugunar við fjárlagagerð næsta árs, samþykkt samhljóða.

7. 1607015 – Fundur sveitarstjórnar og Framfarafélags Flateyjar ásamt íbúum Flateyjar 27. júní 2016.

Fundargerð lögð fram og kynnt.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 20.50.

_____	_____
_____	_____
_____	_____